



Gildandi deiliskipulagsbreyting Kvistaborgar samþykkt í borgarráði 29.08.2019, mkv 1:1000. Upphaflegt skipulag frá 06.02.1968.





Tillaga að breyttu deiliskipulagi Kvistaborgar vegna tímabundinnar kennslustofu, mkv. 1:1000







Hluti gildandi aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt 24.02.2014

Skýringar fyrir deiliskipulagsbreytingu

-  Tímabundinn byggingarreitur
-  Staðsetning deiliskipulagsbreytingar

Skýringar úr gildandi deiliskipulagi

-  Byggingarreitur færanlegrar stofu
-  Byggingarreitur viðbyggingar
-  Möguleg útfærsla á viðbyggingum
-  Lóð Kvistalands 26 eftir breytingar

Greinargerð

Markmið: Vegna tímabundinna framkvæmda á húsnæði leikskólans þarf að staðsetja færanlegar kennslustofur á lóð leikskólans Kvistaborg.

Eftirfarandi breyting er gerð á deiliskipulaginu:
Gerður er nýr byggingarreitur fyrir tímabundnar kennslustofur á lóð Kvistalands 26. Reiturinn er staðsettur þar sem nú eru bílastæði á suðaustur hluta lóðarinnar og breytist núverandi nýting lands þar tímabundið á meðan framkvæmdum stendur.

Sérskilmálar innan byggingarreits tímabundinna kennslustofa:
Byggingarreiturinn er 18x11 m að stærð og er heimilit að reisa hús á einni hæð fyrir tímabundnar kennslustofur, allt að 180m² að stærð. Innan hans er heimilt að reisa tímabundin einingahús og skulu þau vera innan byggingarreits og hámarks byggingarmagnsheimilda. Byggingarnar eru víkjandi þegar endurbótum á núverandi húsnæði líkur. Hámarkshæð húss er 3.3 m. Bílastæðum á umræddu svæði fækkar tímabundið úr 15 í 8. en verða aftur 15 þegar kennslustofurnar verða fjarlægðar. Er þetta gert til bráðabirgða til að bregðast við brýnni þörf á húsnæði á meðan að núverandi hús er endurbætt.

Vakin er athygli á því að kvöð um lagnaleið liggur um byggingarreitinn. Kennslueiningarnar mega ekki raska lögnum sem liggja undir byggingareit og skilyrt er að Reykjavíkurborg fjarlægji stofurnar ef Veitur þurfa að þjónusta lagnirnar vegna bilunar á meðan á viðgerð á húsnæði leikskólans stendur.

Að öðru leiti er vísað í greinargerð deiliskipulagsins ásamt breytingum en síðast var deiliskipulaginu breytt 29.08.2019.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í emb. afg. f. skipulagsfulltrúa þann 26. nóvember 2021.
Tillagan var grenndarkynnt frá 25. október 2021 með athugasemdarfresti til 22. nóvember 2021.
Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 22. desember 2021.



Br: 26.11.21 lagfært e. auglýsing, bætt við texta vegna lagna.

Kvistaland 26
Kvistaborg - færanlegar kennslustofur
Deiliskipulag Fossvogshverfis í Reykjavík

KVARBI-A3:	1:1000	TEIKN NR:	
DAGS:	15.10.2021	HANNAÐ:	EGT
FLOKKUR:	000-reyk-E	TEIKNAD:	HN
SKRÁ:	21203-DSK-breyting	VERKNR:	21203

